

**Verklagsreglur fyrir faghóp um viðurkenningar Húsverndarsjóðs Akureyrar
og Byggingalistaverðlauna Akureyrarbæjar.**

1. Faghópurinn heyrir undir stjórn Akureyrarstofu.
2. Í faghópnum sitja þrír einstaklingar;
 - a) Skipulagsstjóri eða fulltrúi hans,
 - b) sérfræðingur um húsvernd frá Minjasafninu á Akureyri, og
 - c) arkitekt skipaður af stjórn Akureyrarstofu.
3. Skipulagsstjóri eða fulltrúi skipulagsstjóra er formaður faghópsins.
4. Hlutverk faghópsins er að koma með tillögur að viðurkenningum sem verða í framhaldinu staðfestar af stjórn Akureyrarstofu. Tillögur hópsins eru bindandi fyrir stjórn Akureyrarstofu.
5. Tillögunum skal skilað til stjórnar Akureyrarstofu með skriflegum rökstuðningi og skal þeim skilað í síðasta lagi tveimur vikum fyrir Vorkomu Akureyrarstofu (Sumardaginn fyrsta).
6. Starfsmaður faghópsins er verkefnastjóri viðburða- og menningarmála og boðar hann til funda.
7. Arkitekt fær greidda þóknun fyrir fundarsetu í faghópnum og er hún 1,8% af þingfararkaupi.



Samþykkt af stjórn Akureyrarstofu

26.mars 2015